



## MOLDUN

### *Almennur söngur*

Allt eins og blómstrið eina  
upp vex á sléttri grund  
fagurt með frjógvun hreina  
fyrst um dags morgunstund,  
á snöggu augabragði  
af skorið verður fljótt,  
lit og blöð niður lagði, -  
líf mannlegt endar skjótt.

Ég lifi í Jesú nafni,  
í Jesú nafni 'eg dey,  
þó heilsa' og líf mér hafni,  
hræðist ég dauðann ei.  
Dauði, ég óttast eigi  
afl þitt né valdið gilt,  
í Kristi krafti 'eg segi:  
Kom þú sæll, þá þú vilt.

*Hallgrímur Pétursson*



## BLESSUN

### EFTIRSPIL

*Þakkargjörð  
Sigfús Halldórsson*

*Prestur: Sr. Þráinn Haraldsson  
Organisti: Sveinn Arnar Sæmundsson  
Einsöngur: Halldór Hallgrímsson  
Söngur: Félagar úr kór Akraneskirky  
Útfararþjónusta Akraneskirky*

*Ástvinir þakka vinsemd og hlýhug*



# *Elías Ólafur Magnússon*

*Fæddur 8. júlí 1936  
Dáinn 10. nóvember 2020*



*Útför frá Akraneskirky  
föstudaginn 20. nóvember 2020*



Tónlist fyrir athöfn

## FORSPIL

### BÆN

*Almennur söngur*

Hærra, minn Guð, til þín, hærra til þín, enda þótt öll sé kross upphelðin mín. Hljóma skal harpan mín: :: Hærra, minn Guð, til þín, :: hærra til þín.	Sofanda sýndu þá sólstigans braut upp í þitt eilífa alföðurskauf. Hljómi svo harpan mín: :: Hærra, minn Guð, til þín, :: hærra til þín.
---	---

Lyfti mér langt í hæð  
lukkunnar hjól,  
hátt yfir stund og stað,  
stjörnur og sól,  
hljómi samt harpan mín:  
:: Hærra, minn Guð, til þín, ::  
hærra til þín.

*Adams - Matthías Jochumsson*

### RITNINGARORÐ

Snert hörpu mína, himinborna dís,  
svo hlusti englar guðs í Paradís.  
Við götu mína fann ég fjalarstúf  
og festi á hann streng og rauðan skúf.



Úr furutré, sem fann ég út við sjó,  
ég fugla skar og líka úr smiðjumó.  
Í huganum til himins oft ég svíf  
og hlýt að geta sungið í þá líf.

Þeir geta sumir synt á læk og tjörn,  
og sumir verða alltaf lítil börn.  
En sólin gyllir sund og bláan fjörð  
og sameinar með töfrum loft og jörð.

Ég heyri í fjarska villtan vængjaþyt.  
Um varpann leikur draumsins perluglit.  
Snert hörpu mína, himinborna dís,  
og hlustið, englar guðs í Paradís.

*Atli Heimir Sveinsson - Davíð Stefánsson*

### RITNINGARORÐ

#### EINSÖNGUR

*Hafið lokkar og laðar*

*Sutton/Serill - Jóhanna G. Erlingsson*

### GUÐSPJALL

Drottinn er minn hirðir, mig mun ekkert breyta.  
Á grænum grundum lætur hann mig hvílast,  
leiðir mig að vötnum, þar sem ég má næðis njóta.  
Hann hressir sál mína,  
leiðir mig um rétta vegu fyrir sakir nafns síns.  
Jafnvel þótt ég fari um dimman dal,  
óttast ég ekkert illt, því að þú ert hjá mér,  
sproti þinn og stafur hugga mig.  
Þú býr mér borð frammi fyrir fjendum mínum;  
þú smyr höfuð mitt með olú;  
bikar minn er barmafullur.  
Já, gæfa og náð fylgja mér alla ævidaga mína,  
og í húsi Drottins bý ég langa ævi.  
Drottinn er minn hirðir, mig mun ekkert breyta.

*Margrét Scheving - 23. Davíðssálmur*

### MINNINGARORÐ



#### EINSÖNGUR

*Söknuður*

*Jóhann Helgason - Vilhjálmur Vilhjálmsson*

### BÆN / FAÐIR VOR

Í bljúgri bæn og þökk til þín, sem þekkir mig og verkin mín. Ég leita þín, Guð, leiddu mig og lýstu mér um ævistig.	Ég reika oft á rangri leið, sú rétta virðist aldrei greið. Ég geri margt, sem miður fer, og man svo sjaldan eftir þér.
--	---

Sú ein er bæn í brjósti mér,  
ég betur kunni þjóna þér,  
því veit mér feta veginn þinn,  
að verðir þú æ Drottinn minn.

*Pétur Þórarinnsson*

